

Miðvikudaginn 8. júní kl. 09:00

31. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 21/1994

**Auglýsingar Íslensk Ameríska verslunarfélagsins h.f. á Yes Ultra Plus
uppvottalegi.**

Vegna kvörtunar frá Sápugerðinni Frigg hf. fór Samkeppnisstofnun fram á að Íslensk Ameríska hf sannaði fullyrðingu í auglýsingu fyrirtækisins um að uppvottalögurinn Yes Ultra Plus entist 6 sinnum lengur en venjulegur uppvottalögur. Fyrirtækið hefur lagt fram gögn sem auglýsinganefnd hefur athugað. Auglýsinganefnd telur að gögnin sanni ekki réttmæti fullyrðingarinnar og hefur lagt til að Samkeppnisráð banni hana.

Ákvörðunarorð:

Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. samkeppnislaga bannar Samkeppnisráð Íslensk Ameríska verslunarfélaginu hf. Tunguhálsi 11 Reykjavík að fullyrða að Yes Ultra Plus endist 6 sinnum lengur en venjulegur uppvottalögur.

Bannið tekur gildi um leið og það hefur verið tilkynnt fyrirtækinu.